

Tillaga til 498. fundar bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 15. september 2022

Tillaga frá 1210. fundi bæjarráðs, sem fram fór þann 12. september 2022, um að bæjarstjórn samþykki að viðauka við samning Ísafjarðarbæjar, Bolungarvíkurkaupstaðar og Súðavíkurhrepps, um meðferð barnaverndarmála og kosningu í barnaverndarnefnd, en samningurinn, skv. viðauka gildir nú til 31. desember 2022.

10. Samstarf um barnavernd á norðanverðum Vestfjörðum - 2021090094

Lagður fram til samþykktar viðauki við samning Ísafjarðarbæjar, Bolungarvíkurkaupstaðar og Súðavíkurhrepps, um meðferð barnaverndarmála og kosningu í barnaverndarnefnd, en bæjarstjóri hefur undirritað samninginn með fyrirvara um samþykki bæjarstjórnar.

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að samþykkja viðauka við samning Ísafjarðarbæjar, Bolungarvíkurkaupstaðar og Súðavíkurhrepps, um meðferð barnaverndarmála og kosningu í barnaverndarnefnd, en samningurinn, skv. viðauka gildir nú til 31. desember 2022.